

Fimmtudagurinn 22. mars 2001

164. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 12/2001

**Kvörtun Eðalvara ehf. yfir  
auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands ehf.**

**I.**

**Málavextir**

Þann 11. febrúar 2001 fylgdi Morgunblaðinu blað Heilsuverslunar Íslands ehf. Í blaðinu er að finna ýmsar upplýsingar um fæðubótarefni og náttúruvörur í formi auglýsinga, greina og viðtala. Meðal efnis er auglýsing um Ortis ginseng ásamt viðtali við Dr. Luc Delmulle undir fyrirsögninni „*Það er til ginseng og það er til GINSENG!*“.

Með bréfi Eðalvara ehf., dags. 13. febrúar sl., til Samkeppnisstofnunar er óskað upplýsinga um hvort blað Heilsuverslunar Íslands sé auglýsing eða ekki. Samkeppnisstofnun svarar með bréfi, dags. 14. febrúar sl., að stofnunin telji ljóst að blaðið sé auglýsing sbr. 2. mgr. 22. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun barst síðan bréf Eðalvara ehf., dags. 15. febrúar, þar sem kvartað er yfir upplýsingum sem fram koma í framangreindu viðtali við Dr. Delmulle. Eðalvörur flytja inn og selja Rautt eðalginseng frá Kóreu en ginsengrótin sem Ortis notar við framleiðslu sína er ræktuð í Kína. Í erindi Eðalvara segir:

*„Tilgangur viðtalsins er hverjum manni ljós þ.e. annars vegar að kasta rýrð á kóreska ginsengframleiðslu og þá sérstaklega Rautt Ginseng frá Kóreu og hinsvegar að upphefja ræktun í Kína og þá sérstaklega framleiðsluvöru Ortis. Eðalvörur eru nánast eina fyrirtækið sem flytur inn kóreskt ginseng og örugglega það eina sem flytur inn rautt ginseng og þegar við bætist að hráefni vörunnar er lýst dylst engum að verið er að vísa til vöru keppinautar. Hér er því klárlega um samanburðarauglýsingu skv. VI. kafla 20. gr. samkeppnislaga að ræða.*

*Í samanburðarauglýsingunni er að finna urmul af rangfærslum, ósannindum eða jafnvel hreinum rógi um samkeppnisvöru, sem allt of langt mál væri að rekja í þessu bréfi, auk þess sem það myndi hugsanlega tefja afgreiðslu þessa alvarlega máls, sem ekki þolir bið. Fyrir liggur að hráefni það sem Ortis notar í framleiðslu sína er að minnsta kosti tugfalt ódýrara en hráefni það sem notað er í Rautt Eðalginseng.*

*Þá geta Eðalvörur auðveldlega sýnt vísindalega fram á að fleiri virk efni finnast í rauðu ginsengi en hvítu, ennfremur hefur verið sýnt fram á efnafræði- og verkunarmismun og fleiri virk efni í kóresku ginsengi en kínversku. Með hliðsjón af efnagreiningu HÍ frá '91 á ginsengi er vægast sagt undarlegt að gefa í skyn að vinnsluferli rauðs ginsengs eyðileggi virkni þess.*

*Vísindalega hefur oft verið sýnt fram á að andoxun og stöðugleiki rauðs ginsengs er miklu meiri en hvíts ginsengs. Því er ekki bara niðrandi heldur beinlínis rangt að líkja því við skemmt epli.*

*Samkeppnisstofnun og forvera hennar Verðlagsstofnun hafa í öðrum málum borist upplýsingar um óhæfilegt magn skordýraeiturs í ginsengi sem í öllum tilvikum átti uppruna sinn að rekja til Kína. Jafnframt hafa yfirvöldum ítrekað borist staðfestingar á hreinleika Rauðs Eðalginsengs frá Kóreu. Hið kóreska ríkisfyrirtæki Korea Ginseng Corporation framleiðir vöru skv. alþjóðlegum GMP staðli. Yfirlýsingar hafa verið gefnar um að eingöngu lauf sé notað til áburðar og að jarðvegurinn sé hvíldur 10 ár hið minnsta að lokinni 6 ára ræktun, þó Ortis og Heilsuverslun Íslands haldi öðru fram í auglýsingu sinni.*

*Því vekur það furðu að umboðsmenn Ortis skuli ganga svo langt að gera ekki aðeins lítið úr vörunni heldur gefa sterklega í skyn að hún sé eitruð og varasöm. Þetta hefur valdið Eðalvörum stórfelldum vandræðum og fjárhagstjóni, sérstaklega vegna þess að auglýsingin er sett fram með þeim hætti að stór hluti almennings áttar sig ekki á að þarna er um ómerkilega sölubrellu að ræða.*

*Eðalvörur fara því fram á að Heilsuverslun Íslands verði tafarlaust bannað að auglýsa að kóreska ginsengrótin sé eitruð sbr. „Þá líða önnur tvö ár þangað til nýjum fræjum er sáð en biðtíminn stafar af hreinsun jarðvegsins sem hefur skaðast af völdum eitrefna sem ginsengrótin gefur frá sér“. Í auglýsingunni er ítrekað gefið í skyn að heilbrigðisástand í Kóreu sé lakara en í Kína og ræktun*

*þar standi ræktun í Kína langt að baki. Þessar fullyrðingar eru ósannaðar og raunar ósannindi. Þetta eru svo alvarlegar og meiðandi aðdróttanir að Eðalvörur telja brýnt að afgreiða þessar tvær kvartanir svo skjótt sem verða má.*

*Ef Samkeppnisstofnun telur að það tefji ekki málið má fljóta með að það er niðrandi og röng framsetning að mati Eðalvara að líkja rauðu ginsengi við skemmt epli og gefa það í skyn að vinnsluferli á Rauðu Eðalginsengi skaði eða skemmi virk efni ginsengsins. Þetta skiptir ekki eins miklu máli enda munu Eðalvörur gera ítarlegri athugasemdir við samanburðarauglýsinguna síðar og styðja þær viðhlítandi gögnum.“*

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Samkeppnisstofnun sendi erindi Eðalvara til umsagnar Heilsuverslunar Íslands með bréfi 16. febrúar 2001. Svar barst frá Helga Jóhannessyni hrl., dags. 8.mars 2001, þar sem segir m.a.:

*„Svo virðist sem óskir Eðalvara ehf. þess efnis að hinar meintu auglýsingar yrðu stöðvaðar virðist byggja á þeim grundvelli að í ...viðtali við Dr. Luc Delmulle megi finna urmul af rangfærslum, ósannindum eða jafnvel hreinum rógi um samkeppnisvöru, sem Eðalvörur ehf. er umboðsaðili fyrir.*

*Umbj. okkar, Heilsuverslun Íslands ehf., mótmælir ofangreindum málatilbúnaði Eðalvara ehf. og vill gera eftirfarandi athugasemdir við kvörtun og fullyrðingar félagsins og meðferð málsins hjá Samkeppnisstofnun til þessa:*

- 1. Af bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. febrúar 2001, er óljóst hvort umrætt viðtal blaðsins við Dr. Luc Delmulle teljist, að mati stofnunarinnar, auglýsing í skilningi 2. mgr. 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, eða ekki. Sé túlkun stofnunarinnar á þá leið að umrætt viðtal sé sem slíkt auglýsing í skilningi ákvæðisins þá leyfir umbj. minn sér að mótmæla slíkri túlkun. Þvert á móti telur umbj. minn að einfaldlega sé um að ræða vísindalegt og hlutlægt viðtal við fræðimann á sviði efnafræði. Viðmælandi blaðsins sem lokið hefur doktorsprófi í efnafræði frá háskólanum í Ghent í Belgíu, er virtur vísinda- og fræðimaður á sínu sviði. Hann starfar m.a. sem*

efnafræðilegur ráðgjafi belgískra heilsuvöruframleiðenda, heilsala og dreifingaradilasambandsins og er meðlimur í ráðgefandi nefnd á vegum belgíska heilbrigðisráðuneytisins „The Herbal Advice Commission“. Í ljósi viðtækrar þekkingar og áralangrar reynslu á því sviði sem hér um ræðir óskaði umbj. minn eftir viðtali við Dr. Luc Delmulle, þar sem einfaldlega var óskað eftir vísindalegri og hlutlægri umfjöllun um tiltekna tegund svokallaðrar ginseng-jurtar, og varð hann góðfúslega við þeirri beiðni. Í ljósi þess sem ofan greinir telur umbj. okkar að hér sé einungis um að ræða vísindalegt og hlutlægt blaðaviðtal en ekki auglýsingu í skilningi 2. mgr. 22. gr. samkeppnislaga.

2. Eins og áður segir byggir krafa Eðalvara ehf. um bann á dreifingu auglýsinga á vegum umbj. míns á þeim grundvelli að í umræddu viðtali við Dr. Luc Delmulle komi fram rangfærslur, ósannindi og rógur hans um vörur sem samkeppnisaðili umbj. míns er umboðsaðili fyrir. M.ö.o. er krafan sett fram á þeim grundvelli að fyrirsvarsmenn Eðalvara ehf. eru efnislega ósammála því sem fram kemur í viðtalinu, en fullyrðingum fyrirsvarssmanna Eðalvara ehf. um rangfærslur, ósannindi og rógburð hefur Dr. Luc Delmulle svarað efnislega, sbr. hjálagt bréf hans, dags. 7. mars 2001. Á hinn bóginn leggja fyrirsvarsmenn Eðalvara ehf. ekki fram nein gögn eða sýna fram á með öðrum hætti að fullyrðingar fræðimannsins í viðtalinu eða efnislegt innihald þess að öðru leyti eigi ekki við rök að styðjast eða byggja á forsendum sem ekki standist fræðilega skoðun. En þó svo að slík gögn hefðu verið lögð fram þá myndi sú staðreynd, að mati umbj. míns, engu breyta um rétt fræðimannsins til að fjalla um viðfangsefnið eða umbj. mínum eða öðrum til að birta þá umfjöllun og dreifa henni. Hvað sem því líður telur umbj. minn að auglýsingar og efni blaðsins, þ.á m. umrætt viðtal við Dr. Luc Delmulle, sem dreift var með Morgunblaðinu þann 11. febrúar 2001, feli ekki í sér brot á ákvæðum VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993, þ.á m. 20.–22. gr. laganna.

Með vísan til þeirra athugasemda sem að ofan greinir telur umbj. minn að hafna beri alfarið öllum kröfum Eðalvara ehf. á hendur Heilsuverslunar Íslands ehf.“

Með bréfi lögmanns Heilsuverslunar Íslands fylgdi bréf Dr. Delmulle, dags. 7. mars 2001. Í bréfinu, sem er á ensku, kemur fram að Dr. Delmulle er m.a. vísindalegur ráðgjafi Ortis-fyrirtækisins (e: *scientific consultant*). Dr. Delmulle mótmælir harðlega öllum þeim atriðum sem fram koma í erindi Eðalvara og því sem hann kallar villandi staðhæfingar og fullyrðingar. Þá vekur hann athygli á

að svo virðist sem einstök orð viðtalsins séu viljandi slitin úr samhengi. Þannig sé hvergi gefið í skyn að ginseng Eðalvara sé eitrað heldur sé útskýrt að eftir uppskeru ginsengrótarinnar innihaldi jarðvegurinn dálítið magn eiturs sem valdi því að næsta ræktun fari fram á öðrum stað þannig að jarðvegurinn losi sig við eiturefnin.

## 2.

Svar lögmannsins ásamt bréfi Dr. Delmulle var sent Eðalvörum til umsagnar þann 9. mars sl. Í athugasemdum Eðalvara, dags. 12. mars, segir m.a.:

1. *„Bréf Dr. Delmulle var með smáu lettri og reyndist ólæsilegt, þegar því hafði verið faxesað til mín. Þetta kom þó ekki að sök vegna þess að Dr. Delmulle á hvorki lögaðild að þessu máli né telst hann vera hlutlaus umsagnaraðili. Það er því ástæðulaust fyrir mig að rökræða við hann um þessi mál á ensku.*
2. *Auglýsingabæklingurinn er enn í fullri dreifingu og hefur að sögn starfsfólks í apótekum valdið miklum óróa meðal neytenda kóresks ginsengs, sérstaklega neytenda Rauðs Eðalginsengs, enda ber „viðtalið“ það með sér að vera samið hérlandis í þeim tilgangi. Þetta hefur tekist og valdið Eðalvörum verulegu fjárhagstjóni m.a. vegna þess að það liggur misvel fyrir almenningi að hér er um sölubrellu að ræða.*
3. *Af ástæðum sem áður hafa verið reknar hafa Eðalvörur brýna hagsmuni af því að dreifing þessarar auglýsingar verði stöðvuð. Til að teyja málið ekki, beindist kvörtun Eðalvara hvorki í upphafi né nú að öllum þeim atriðum sem, auðveldlega er hægt að afsanna, heldur eingöngu að augljóslega röngum fullyrðingum um að kóreskar ginsengrætur séu eitraðar og smiti jarðveginn með eiturefnum. Auk þessa að ítrekað er gefið í skyn að heilbrigðiskröfur í Kóreu séu slakari og ræktun þar standi ræktun í Kína langt að baki, sérstaklega hvað varði notkun tilbúins áburðar og skordýraeiturs.*
4. *Að lokum áréttu Eðalvörur að þær hafa áskilið sér rétt til að leggja fram gögn sem sýna að þessi auglýsing er röng í öðrum og veigamiklum atriðum.“*

## 3.

Þar sem fram hafði komið í bréfi Eðalvara að bréf Dr. Delmulle hefði verið ólæsilegt óskaði Samkeppnisstofnun eftir því við lögmann Heilsuverslunar Íslands að bréfið yrði útvegað í læsilegra formi. Það barst og var sent Eðalvörum. Í bréfi Eðalvara, dags. 13. febrúar (sic), segir:

1. „Samkvæmt íslenskum lögum ber Dr. Delmulle ekki ábyrgð á efni og framsetningu auglýsingar þeirrar sem birtist í Morgunblaðinu 11. febrúar sl. og deilt er um.
2. Dr. Delmulle getur ekki talist hlutlaus umsagnaraðili um auglýsinguna.
3. Auglýsingin birtist á íslensku í Morgunblaðinu, sem við erum læs á. Útskýringar Dr. Delmulle á ensku um hvaða merkingu eigi að leggja í hana eru óþarfar. Hugsanlegar þýðingavillur eða skoðanir Delmulle á mér eru málinu óviðkomandi.
4. Eðalvörur benda á að þó að auglýsingin sé ef til vill í heild sinni aðför að heiðri kóresks ginsengs og þá sérstaklega rauðs ginsengs, þá gera Eðalvörur eingöngu athugasemdir við þær fullyrðingar sem valdið hafa mestum óróa meðal neytenda Rauðs Eðalginsengs. Þetta er gert til að flýta afgreiðslu málsins enda er ljóst að ef Eðalvörur gerðu athugasemdir við öll þau atriði sem kóreskir vísindamenn eru ósammála í auglýsingunni myndi það tefja málið verulega.
5. Eðalvörur vilja nota þetta tækifæri til að ítreka þá ósk sína til Samkeppnisstofnunar og gagnaðila að hraða afgreiðslu þessa máls, svo hægt sé að úrskurða í því sem fyrst.“

#### 4.

Þann 13. mars 2001 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og samkeppnisráð til ákvörðunar. Samkeppnisstofnun sendi jafnframt bréf Eðalvara, frá 12. og 13. mars, til lögmanns Heilsuverslunar Íslands til upplýsinga.

### III.

#### Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 15. mars 2001, var m.a. fjallað um mál þetta. Þátt í afgreiðslu málsins tóku Atli Freyr Guðmundsson og Sólveig Ólafsdóttir. Í fundargerð nefndarinnar segir:

„Farið var yfir málgögn vegna kvörtunar Eðalvara yfir upplýsingum í blaði Heilsuverslunar Íslands sem dreift var með Morgunblaðinu þann 11. febrúar 2001.

Í svari lögmanns Heilsuverslunar Íslands kemur fram sú skoðun að viðtal í

blaðinu við Dr. Luc Delmulle sem mál þetta snýst um sé hlutlægt viðtal við fræðimann og teljist ekki auglýsing í skilningi 2. mgr. 22. gr. samkeppnislaga. Auglýsinganefnd bendir á að 21. gr. samkeppnislaga tekur til upplýsinga í hvaða formi sem er enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vara. Blað Heilsuverslunarinnar var gefið út, greitt fyrir og dreift sem auglýsingu og þær upplýsingar sem þar koma fram eru settar fram til þess að hafa áhrif á eftirspurn þeirra vara sem í því eru kynntar. Telur auglýsinganefnd ótvírætt að allt sem í blaðinu er, hvort heldur beinar auglýsingar, greinar eða viðtöl, falli undir skilgreiningu samkeppnislaga á auglýsingu og kynningarefni enda beri blaðið öll einkenni þess við markaðssetningu fyrir Heilsuverslun Íslands.

Í bréfi Eðalvara, dags. 15. febrúar 2001, eru sérstaklega tilgreind tvö kvörtunarefni vegna viðtals við Dr. Luc Delmulle í auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands:

1. Að Heilsuverslun Íslands verði bannað að auglýsa að kóreska ginsengrótin sé eitruð.
2. Að í auglýsingunni sé ítrekað gefið í skyn að heilbrigðisástand í Kóreu sé lakara en í Kína og ræktun ginsengs þar standi ræktun í Kína langt að baki.

Auglýsinganefnd telur að í viðtalinu sé ekki gefið í skyn að kóreska ginsengrótin sé eitruð eða varasöm. Í viðtalinu sé lýst mismunandi ræktunarferli ginsengs í tveimur löndum og fram kemur að Dr. Luc Delmulle finnist kínverska aðferðin betri. Þá sé ekkert í viðtalinu sem gefi til kynna lakara heilbrigðisástand í Kóreu en í Kína.

Með vísan til framangreinds telur auglýsinganefnd, að á grundvelli þeirra kvörtunarefna sem fram koma í bréfi Eðalvara ehf., dags. 15. febrúar 2001, að viðtal sem birt er við Dr. Luc Delmulle í auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands, og dreift var með Morgunblaðinu þann 11. febrúar 2001, gefi ekki tilefni til afskipta af hálfu auglýsinganefndar á grundvelli 20. og 21. gr. samkeppnislaga.“

#### IV. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 22. mars 2001, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Hrund Hafsteinsdóttir og Sigurbjörn Magnússon.

Í máli þessu kvarta Eðalvörur yfir efni viðtals sem birtist í blaði Heilsuverslunar Íslands sem dreift var með Morgunblaðinu, þann 11. febrúar 2001. Heilsuverslun Íslands telur að umrætt viðtal við fræðimann um ginsengmál sé vísindalegt og hlutlægt blaðaviðtal sem ekki teljist auglýsing. Umfjöllun fræðimanns um ginseng og dreifing viðtalsins feli ekki í sér brot á ákvæðum samkeppnislaga. Eðalvörur telja aftur á móti að Dr. Delmulle hafi ekki aðild að málinu né beri hann ábyrgð á efni og framsetningu auglýsingarinnar. Þá sé hann ekki hlutlaus umsagnaraðili málsins.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir m.a.:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

Samkeppnisráð er sammála álitu auglýsinganefndar um að blað Heilsuverslunar Íslands og allt efni þess teljist auglýsing í skilningi samkeppnislaga. Þannig er í 21. gr. laganna tekið fram að greinin taki til upplýsinga í hvaða formi sem er enda séu þær fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn vara. Telur ráðið að þetta eigi við í þessu tilviki.

Í erindi Eðalvara eru tilgreind tvö kvörtunarefni vegna viðtalsins. Að í því sé gefið til kynna að kóreskar ginsengrætur séu eittraðar og að heilbrigðisástand í Kóreu sé lakara en í Kína.

Samkeppnisráð bendir á að í umræddu viðtali kemur eingöngu fram að ginsengrætur gefi frá sér eitrefni út í jarðveginn. Ekki að ræturnar sem slíkar séu eittraðar. Þá telur ráðið rétt að benda á að þetta á jafnt við um ginsengrætur



sem ræktaðar eru í Kóreu og í Kína. Þá er að mati samkeppnisráðs ekkert í viðtalinu sem gefur til kynna að heilbrigðisástand í Kóreu sé lakara en í Kína.

Samkeppnisráð er sammála niðurstöðu auglýsinganefndar um að ekki sé tilefni til frekari aðgerða í máli þessu.

V.  
**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar í máli [nr. 13/2001](#)]*